

Menn hafa ávalt sterka tilhneigingu til að gjöra alt á sem einfaldastan hátt, og sú tilhneiging kemur í ljós í málinu sem í öðru. Latmæli og styttingar af öllu tagi eru þesskonar tilraunir. Upptaka útlendra orða og breyting þeirra til að gjöra þau sem þægilegust í framburði er sprottin af því sama. Þetta á ekki aðeins við hjá þeim sem læra nýtt mál og eru nauðbeygðir til að taka orð úr því inn í móðurmál sitt vegna fátæktar móðurmálsins, það á alstaðar við. Af sömu ástæðu er það, að nýyrði, sem eru óþjál, erfið og láta ekki vel í eyrum festast traúðla í málinu, þar sem, aftur á móti þau sem láta vel í eyrum og eru þægileg verða fljótt í allra munni.

En þó að þessi tilhneiging sé eðlileg, stafar af henni stórhætta fyrir íslenzkuna hér vestan hafs. Ef engar skorður eru við því reistar hlýtur íslenzkan hjá oss Vestur-Íslendingum að verða að afskræmilegum blendingi, sem í raun og veru er ekkert mál. Náttúrlega höfum vér ávalt aðgang að ritmálinu, bæði hinu forna og hinu nýrra í íslenzkum bókum, og af því mætti draga þá ályktun, að það sem kunni að verða ritað hér á íslenzku máli verði ekki ritað á neinu slíku hrognamáli, sem talað er, því að það verði gjört af þeim einum, sem kunni rétt íslenzkt mál. En sannleikurinn er samt sá, að ef talaða málið spillist stórum, þá er mjög hætt við að ritaða málið haldist ekki hreint til lengdar: er nú þegar farið að bera á því í mörgu, sem birtist í íslenzku vikublöðunum. Fyrir alla þá sem vilja viðhalda íslenzkunni hér vestan hafs er því brýnasta nauðsyn, að gjöra alt sem unt er til að halda henni hreinni, og reyna að uppræta hrognamálið og kenna öllum sem íslenzkt mál tala að tala það sem hreinast og blanda enskum orðum og sérstaklega enskum orðatiltækjum í íslenzkum búningi sem minst inn í það.

Þetta er erfitt verk en ógerningur er það ekki. Það er sérstaklega tvent, sem þarf til þess: fyrst, að íslenzk börn læri málið af foreldrum sínum, og í öðru lagi, að íslenzkt námsfólk eigi kost á verulegri mentun í íslenzku máli. og bókmentum.

Að börn sem af íslenzkum foreldrum eru fædd læri málið sem móðurmál, er vissulega enginn ógerningur. Til þess þarf ekki annað en dálitla alúð og ástundunarsemi foreldranna. Sú viðbára að börnin læri enskuna alstaðar utan heimilisins og geti þessvegna ekki lært íslenzku er ekki gild. Vitaskuld læra börnin fljótt ensku, og eiga að gjöra það. Það væri mesta heimska að reyna að aftra